

Vegna tekjuársins _____

Umsækjandi

Nafn		Íslensk kennitala	
Sími	Tölvupóstfang	Erlend skattkennitala	
Heimilisfang á Íslandi		Póstnúmer	Staður
Heimilisfang erlendis	Póstnúmer	Staður	Land

Hakið við það land sem unnið var í á árinu Danmörk Finnland Færeyjar Ísland Noregur Svíþjóð**Upplýsingar um launagreiðanda**

Nafn	Heimilisfang	Póstnúmer	Staður	Land	TIN númer/kennitala
Nafn	Heimilisfang	Póstnúmer	Staður	Land	TIN númer/kennitala

Vinna á árinu

Tímabil vinnu, ef hluti unninn á Íslandi og hluti er unnin erlendis þarf að tilgreina tímabil.
Ef vinnan er unnin í tveimur löndum þarf að fylgja með staðfesting um það frá launagreiðanda.

Vinnuveitandi - framlag unnið á Íslandi	Tímabil (frá hvaða degi og til hvaða dags)
Vinnuveitandi - framlag unnið á Íslandi	Tímabil (frá hvaða degi og til hvaða dags)
Vinnuveitandi - framlag unnið erlendis	Tímabil (frá hvaða degi og til hvaða dags)
Vinnuveitandi - framlag unnið erlendis	Tímabil (frá hvaða degi og til hvaða dags)

Athugasemdir umsækjanda.....
Dagsetning.....
Undirskrift umsækjanda

Úr auglýsingu nr. 635/1997

Úr auglýsingu nr. 635/1997 birt í B-deild stjórnartíðinda um samkomulag um innheimtu og yfirfærslu skatta, sbr. 20. grein í samningi milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989.

Til að framfylgja samningi Norðurlandanna um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989 hefur eftirfarandi samkomulag verið gert milli bærra stjórnvalda í Danmörku, Færeyjum, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, samkvæmt 20. gr. nefnds samnings.

8. gr.

Almennt um yfirfærslu skatta.

Hafi skattur vegna vinnulauna, eftirlauna eða tekna af sjálfstæðri starfsemi verið greiddur í samningsríki má, samkvæmt beiðni bærs stjórnvalds í öðru samningsríki, yfirfæra þennan greidda skatt til síðarnefnda ríkisins og bókfæra hann þar á skattskyldan aðila sem skatt af slíkum tekjum.

10. gr.

Beiðni um yfirfærslu skatta innan þriggja ára frá lokum tekjuárs.

1. Komi beiðni um yfirfærslu skatta innan þriggja ára frá lokum tekjuárs, skal með þeim takmörkunum sem leiða af 2. mgr., yfirfæra skatt sem greiddur hefur verið vegna tekna í beiðniríki til þess ríkis sem hefur forgangsrétt á að skattleggja tekjurnar samkvæmt tvísköttunarsamningnum. Þetta gildir aðeins komi beiðni um yfirfærslu skatta vegna vinnulauna eða eftirlauna eftir þann tíma sem nefndur er í 9. grein, en innan þriggja ára frá lokum tekjuársins.
2. Beiðniríki getur takmarkað yfirfærsluna við þá fjárhæð sem greiddur skattur í því ríki er hærrí en sem nemur þeim skattkröfum tekjuársins sem eftir eru þegar tekjur hafa verið undanskildar skattlagningu eða sem frádráttur hefur verið leyfður fyrir við endanlega skatta á tekjur í umsóknarríkinu. Frádráttarfjárhæðin takmarkast þó við þann hluta tekjuskatts (reiknaðs án frádráttar) í beiðniríki, sem lagður er á þær tekjur sem má skattleggja í umsóknarríkinu.

Spurt og svarað

Hvaða lönd eru með samning um yfirfærslu á sköttum milli landa?

Danmörk, Finnland, Færeyjar, Ísland, Noregur og Svíþjóð.

Í hvoru landinu á að biðja um yfirfærslu?

Beiðni má beina til skattfyrvalda í hvoru landinu sem er.

Hvernig óska ég eftir því að skattar séu yfirfærðir?

Þarf að gera með sérstakri beiðni til ríkisskattstjóra

Hvenær er hægt að biðja um yfirfærslu á sköttum milli landa?

Framteljandi getur sem dæmi við framtalsskil óskað eftir því að skattur sem greiddur er í því landi sem launagreiðandi starfar verði fluttur til þess lands sem vinnuframlag er innt af hendi.

Beiðni um yfirfærslu skatta þarf að koma innan þriggja ára.

Á hvaða tímabili fer yfirfærsla skatta á milli landa?

Málið er tekið upp gagnvart erlendum skattfyrvöldum þegar álagning liggur fyrir fyrir viðkomandi álagningarár.

Hvað tekur ferlið langan tíma?

Ekki er hægt að segja til um það. Það veltur á því hvenær hitt landið svarar beiðni um yfirfærslu skatta eða svarar hvort það vill taka við yfirfærslu sem því er boðin.

Hvar finn ég TIN númer?

TIN númer er sérstök skattkennitala sem notuð er í sumum löndum. Getur verið önnur en kennitala.